

Nr. 837

28. september 2009

## AUGLÝSING um afgreiðslu á deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Ölfusi.

*Samþykkt deiliskipulag fyrir efnistöku úr Núpanámu.*

Deiliskipulag, greinargerð og umhverfisskýrsla.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss hefur samþykkt deiliskipulagi skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlagra nr. 73/1997.

Deiliskipulagið er í samræmi við gildandi aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014, sem staðfest var 4. janúar 2005. Deiliskipulagið var endurauglýst frá 29. desember 2008 til 9. febrúar 2009.

Um áratuga skeið hefur Vegagerðin nýtt efni úr námu sem staðsett er í landi Vatna og Kröggólfstaða í Ölfusi, norðaustan við Núpa. Í aðalskipulagi Ölfuss er gert ráð fyrir efnistöku úr námunni og hefur Sveitarfélagið Ölfus nú unnið tillögu að deiliskipulagi fyrir námusvæðið. Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir að teknir verði u.p.b. 10.000 m<sup>3</sup> á ári úr námunni og að heildarmagn nýtanlegs efnis sé u.p.b. 115.000 m<sup>3</sup> á um 4,5 ha svæði. Í deiliskipulaginu er gerð áætlun um vinnslutilhögun og frágang heildarsvæðisins í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Skipulagsstofnun minnir á stafslíð b. í 6. gr. laga nr. 105/2006, um að meta þurfi líklega þróun umhverfisins án framfylgdar áætlunarinnar og ákvæði 9. gr. laga nr. 105/2006 um afgreiðslu hennar.

Deiliskipulagið var samþykkt í bæjarstjórn 26. febrúar 2009.

*Sveitarfélaginu Ölfusi, 28. september 2009.*

**Sigurður Jónsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 12. október 2009